

Aðalfundur Golfklúbbsins Odds

Mánudaginn 9. desember 2013 var aðalfundur félagsins haldinn í golfskálanum Urriðavelli. Fundurinn hófst kl. 20:00.

Ingi Þór Hermannsson formaður bauð fundargesti velkomna og setti fundinn.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður félagsins gerði tillögu um að Haukur Örn Birgisson yrði kjörinn fundarstjóri og að Guðbjörg Elín Ragnarsdóttir yrði kjörin til þess að rita fundinn.

Fundarmenn samþykktu kosningu fundarstjóra og fundarritara með lófataki.

Haukur Örn tók við stjórn fundarins og lýsti fundinn lögmætan.

2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir liðins starfsárs

Ingi Þór Hermannsson, formaður klúbbsins fór yfir skýrslu stjórnar. Völlurinn opnaði 11. maí, svipað og í meðal ári eða aðeins tveimur vikum síðar en í fyrra, en við tók mjög lélegt sumar svo ekki sé fastar að orði kveðið. Sömu golfkennarar voru og árið áður og einnig sáu sömu aðilar um veitingasölu. Í skýrslunni kemur fram að 1153 félagar eru nú í klúbbum sem er svipaður fjöldi og hefur verið síðustu 3 – 4 árin. Spiluðum hringjum fækkaði um u.þ.b. 10% á milli ára og einnig var minni aðsókn í vinavelli klúbbsins. Nokkuð var um að félagsmenn slepptu því að afbóka sig en það var tekið tiltölulega létt á því þar sem veðrið var á þann veg að ekki hefði mátt búast við fjölda hvort eð var. Það sem bar hæst var 20 ára afmæli klúbbsins. Ákveðið var að halda afmælisboð á þeim merkisdegi. Dagurinn heppnaðist með afbrigðum vel. Í tilefni afmælisins var gerð sérstök afmælisútgáfa af merki klúbbsins og einnig sérstakur meistaramótsverðlaunagripur. Boðað var til tveggja golfferða, eina að vori og eina að hausti. Haustferðin var mjög vel sótt en 80 sæti voru í boði og komust færri að en vildu. Mikil ánægja var með ferðina. Stjórn félagsins tók þá ákvörðun að heiðra framkvöðla, aðila sem höfðu staðið framarlega í allri uppbyggingu og því að láta allt verða að veruleika. Fimm félagar voru heiðraðir og sæmdir gullmerki GO en þeir eru:

- Jón Otti Sigurðsson
- Óskar G. Sigurðsson
- Páll Jóhannsson
- Páll Kristjánsson
- Ingjaldur Ásvaldsson

HÖB

Að auki fékk fyrirtækið E.T. ehf. heiðursviðurkenningu GO fyrir skýlausan stuðning við klúbbinn. Starfsemin í Kaupþúni hefur verið efld að undanfögnu og stendur til að bæta þáttaðstöðuna. Golfhermarnir eru mikið notaðir og yfirleitt er iðandi líf á staðnum.

Klúbbmeistarar þetta árið eru Andrea Ásgrímsdóttir og Rögnvaldur Magnússon. Formaður hvatti klúbbmeðlimi til þátttöku í meistaramóti. Kvað hann það efla samstöðu og vera öllum hollt. Námskeið, þar með talin nýliðanámskeið voru vel nýtt. Sá fræðslufundur sem var þó hvað síst sóttur var námskeið sem fjallaði um hugann og næringu. Fyrirhugað er áframhald á fræðslufundum.

Varðandi íþróttastarfið viðurkennir formaður að takmarkaðir fjármunir séu til þess að setja í barna- og unglíngastarf. Að auki líður klúbburinn fyrir það að vera utan svæðis almenningsgangna.

Félagsmenn kepptu að vanda undir merkjum Odds í sveitakeppnum GSÍ. Barna- og byrjendanámskeið voru í boði í sumar og innleidd var nýjung í kennsluáferðum byrjenda.

Formaðurinn vék því næst að vallarframkvæmdum. Tvær stærstu framkvæmdirnar sem voru síðastliðið sumar tengdust stígagerð á 4. og 13. braut. Þar voru stífar framkvæmdir sem tókust vel en þó er ýmiss lokafrágangur eftir. Breytingin er gríðarlega vel heppnuð að mati stjórnar. Fjárfest var í búnaði fyrir boltavélina og tókst það vel til.

Oddfellowar áttu frumkvæði, sem oftast, að mikilli trjáplöntugróðursetningu. Umhverfið mun því verða enn glæsilegra þegar fram líða stundir. Tilgangurinn með færslu á vallarmörkum á 11. braut var sá að að hvíla gróðurinn sem var plantað á undanfögnu árum og fá hann til að ná sér á strik. Sumarið var blautt sem er bæði gott og slæmt. Gróður spratt vel en þegar mikið er spilað í svo blautu verða álagsskemmdir. Sást það á 15. braut og víðar. Formaðurinn nefndi umgengnina á vellinum sem hann sagði að mætti oft vera betri. Nauðsynlegt væri að fylgjast með umgengninni um völinn og hver og einn yrði að leggja sitt lóð á vogarskálarnar. Umferð golfbíla er sífellt að aukast á golfvöllum landsins og ekki er um að ræða sérstaka stíga fyrir golfbílana. Sú hugmynd hefur komið upp að fara út í gjaldtöku vegna golfbíla. Aðrir klúbbar hafa rætt þetta og einhverjir hafa tekið þetta upp. Á næstu vikum verður farið í að vinna að aðgerðaráætlun með landeigendum og forgangsraða verkum næstu tveggja til þriggja ára.

Á stjórnarfundum eru fjármál og fjármálastaða ávallt til umfjöllunar og tók formaður fram að fylgst væri með frá mánuði til mánaðar og sífellt athugað hvort gera þyrfti ráðstafanir. Niðurstaðan eftir blautt sumar er sú að tekjur urðu fjórum milljónum undir áætlunum. Þurfti að klípa hér og þar en rekstrarhalli er rétt tæp ein milljón. Formaður lýsti eftir frekari stuðningi frá Garðabæ og sagði hann klúbbinn ekki fá réttan hlut þar því önnur íþróttafélög innan bæjarfélagsins þurfi ekki að greiða viðlíka leigu fyrir aðstöðu og raunin sé með okkar félag. Stjarnan fái til að mynda afnot af mannvirkjum án þess að greiða sérstaklega fyrir þau. Unnið verður áfram í því að fá þetta lagfært.

Við tókum þátt í golfþingi í nóvember og átti klúbburinn tíu fulltrúa þar. Á þinginu var samþykkt stefnumótun golfhreyfingarinnar til ársins 2020. Tveir fulltrúar klúbbsins, þau Ingi Þór og Guðmundína, tóku þátt í þessari stefnumótun en hana má sjá á vef Golfsambandsins. Forseti Golfsambandsins var valinn úr okkar röðum og óskaði formaður Hauki Erni Birgissyni til hamingju með kjörið og jafnframt velfarnaðar. Fundargestir tóku undir með lófataki.

Stóra viðfangsefni stjórnar var að fara yfir málin með landeigendum. Bryn þórf er á endurnýjun tækja en klúbburinn getur ekki einn og óstuddur staðið að endurnýjun. Niðurstaðan var sú að samningurinn var endurnýjaður við Oddfellowa. 50 milljónir verður varið til tækjakaupa en að sama skapi hækkar leiga. Vonandi kemur Garðabær að einhverju leyti með klúbbnum í það þriggja ára verkefni. Samningurinn tryggir að klúbburinn fær nýjar og betri græjur til þess að hirða völlinn enn betur en viðhaldskostnaður var orðinn verulegur.

Formaður upplýsti að gerð hafi verið viljayfirlýsing um það að skoða og fara í hagkvæmnisathugun á stækkun vallarins í 27 holur. Mögulega getur það skilað klúbbnum betri stöðu. Stjórnin er nokkuð sannfærð um að kostnaðaraukinn verði aðeins brot af tekjuaukningu sem getur orðið við þessa stækkun úr 18 í 27 holur. Ástæða er til að fagna því að hér er áfangi í þessari vegferð en að mati stjórnar nú er „dauðafæri“ að gera þetta vegna uppbyggingar á Urriðaholti. Efni til landmótunar og undirbúnings brauta gæti komið af byggingarsvæðinu en sá þáttur er einmitt mjög kostnaðarsamur. Fyrirtækið Urriðaholt fór af stað með vinnu í haust þar sem þeir vildu skoða hvort þeir gætu á samfélagslegum grunni komið að þessu. Edwin Roald Rögnvaldsson, golfvallahönnuður, vann þessa vinnu og er skýrslu að vænta innan fárra vikna.

Óhætt er að segja að spennandi tímar séu framundan. Þetta er í aðalatriðum starfsemi síðasta árs. Formaður sagðist skynja ánægju með umhverfið og starfið sem verði byggt á og að þess verði freistað að gera gott betra.

Formaður las því næst upp úr ávarpi sem hann flutti á afmælisdegi GO þar sem hann fer fögrum orðum um hinn tvítuga Odd sem eflaust verði að mektarmanni. Að lokum þakkaði formaðurinn öllum þeim sem hafa starfað fyrir klúbbinn á árinu sem og kennurum og starfsfólki klúbbsins fyrir vel unnin störf.

Fundarstjóri þakkaði formanni fyrir greinargóða skýrslu og sagði greinilegt að næg verkefni hafi verið á árinu.

3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar

Þorvaldur Þorsteinsson tók til máls og kynnti reikninga félagsins en vísað er í ársskýrslu þar sem þá má sjá nánar. Þorvaldur fjallaði um helstu tölur og samanburð við síðasta ár. Reksturinn gekk vonum frammar miðað við árferðið og í raun má segja að unninn hafi verið varnarsigur.

Þorvaldur fór yfir rekstrartekjur og fyrst nefndi hann félagsgjöldin sem nema um 90 milljónum króna. Félagsmönnum sem greiðir full félagsgjöld fækkaði á milli ára en um 30 aðilar komu inn nýir í Ljúflingsaðild en þær tekjur bókuðust sem vallargjöld á Ljúfling. Vallartekjur eru aðeins undir því sem áætlað var. Tekjurnar af Urriðavelli eru nokkurn veginn miðað við áætlun en hið sama verður ekki sagt um Ljúfling sem náði ekki áætlun. Vonast er til þess að Ljúflingsmeðlimir skili sér sem fullgildir klúbbmeðlimir. Þorvaldur hafði orð á því að menn hafi verið furðu duglegir að halda mót þrátt fyrir slæmt veður.

Skipta þurfti um innvols í boltavél en fyrir vikið er vélin orðin mun betri en hún var fyrir þá aðgerð. Erfitt hefur reynst að sækja styrki og að sama skapi eru fjáraflanir ekki nægjanlegar. Þorvaldur tók fram að hér væri verk að vinna og það þyrfti að ná í u.þ.b. tvær milljónir til viðbótar. Styrkir sveitafélagsins eru ekki nægilega miklir. Þegar margir dagar detta út vegna veðurs, eins og raunin var síðastliðið sumar, hefur það áhrif á veitingasölu sem og annað. Aðrar tekjur eru á áætlun en í heild eru tekjur um fimm milljónum undir áætlun. Launakostnaður er um einni milljón hærri en gert var ráð fyrir en þó er hækkun launaliðarins undir meðaltalshækkun í þjóðfélaginu. Örlítið dró úr íþróttastarfinu sem orsakaðist af fjárskorti. Þorvaldur fór yfir rekstur Urriðavallar, almennt viðhald, leigu til GOF og fleira sem sjá má nánar í ársskýrslu. Rekstur golfskálabygginga er á pari en rekstur véla og tækja aðeins yfir áætlun.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður er á áætlun. Heildargjöld eru 143,7 milljónir á móti 146 milljónum sem var áætlunin. Nettótap er 480.000. Að lokum fjallaði Þorvaldur um efnahagsreikninginn en samkvæmt honum eru eignir samtals 19,5 milljónir og hafa því dregist saman um rúmar tvær milljónir.

Fundarstjóri þakkaði Þorvaldi Þorsteinssyni og sagði jafnframt að yfirferð reikninga væri yfirleitt ekki skemmtileg en þessi útlisting hafi verið eins og lautarferð.

4. Umræður og atkvæðagreiðslur um tillögur og lagabreytingar löglega fram bornar

Næst á dagskrá voru umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninginn. Orðið var gefið laust fyrir spurningar úr sal.

Pétur Bjarnason lýsti yfir ánægju með störf stjórnar og starfsmanna og sagði ástæðu til þess að þakka þeim. Almennt hafi golfklúbbum stafað hætta af undanfögnu ári vegna veðurs. Ýmsir hafi lent illa í því og þurft að horfa á allt að 30% samdrátt.

Fundarmeðlimir samþykktu allir ársreikninginn.

Engar tillögur voru til lagabreytinga.

5. Fjárhagsáætlun næsta árs

Emil tók til máls og kynnti fjárhagsáætlun og gjöld næsta árs og kynnti hann svipaða áætlun og árið áður. Sagði hann að markmiðið væri að viðhalda gæðum Urriðavallar eins og kostur væri. Unnið væri að áframhaldandi aðhaldi og ekki væri um að ræða nýjar framkvæmdir. Emil sagði klúbbinn búa við sama umhverfi og í fyrra og hann sagði landeigandann koma duglega að rekstrinum. Ekki væri um háar fjárhæðir að ræða frá Garðabæ. Þó bæri að nefna að bærinn leggur klúbbnum til sumarstarfsfólk og án þeirra unglinga væri rekstrarumhverfið ekki mögulegt. Fyrirtækin sem hafa stutt klúbbinn dyggilega skipta miklu máli.

Emil fór yfir tillögu að félagsgjöldum:

14 og yngri	kr. 27.900,-	hækkar um kr. 2.100,- eða í kr. 30.000,-
15 til 19 ára	kr. 42.500,-	hækkar um kr. 2.500,- eða í kr. 45.000,-
20 til 66 ára	kr. 89.900,-	hækkar um kr. 5.100,- eða í kr. 95.000,-
67 ára og eldri	kr. 61.900,-	hækkar um kr. 5.100,- eða í kr. 67.000,-

Á fundinum var spurt hvernig því væri háttað ef félagsmaður yrði 67 ára á árinu. Emil upplýsti að þeir sem yrðu 67 ára t.d. í september greiddu fullt árgjald en þeir sem væru fæddir fyrr myndu greiða árgjald fyrir 67 ára og eldri. Hugmynd kom frá fundargestum um að breyta þessu og láta fæðingarárið skilja á milli, þ.e.a.s. lækkun á félagsgjaldi tæki gildi það ár sem meðlimur nær 67 ára aldri. Fyrirhugað er að inntökugjald verði óbreytt. Heildartekjur eru áætlaðar 153.450.000.

Emil upplýsti að flatir vallanna séu 12.740.000 fermetrar eða 27 hektarar og sum túnin þurfi að hirða daglega. Til gamans gat Emil þess að meðal stærð á bújörð á Íslandi sé um 35 hektarar.

Vörunotkun er áætluð upp á 3,1 milljón og fyrirhugað er að kaupa púttteppi. Einnig er fyrirhugaður aukinn kostnaður vegna áburðarkaupa því þar þarf að gera betur því haustgjöf, sem svo er nefnd, hefur verið sleppt en ráðgert er að hún skuli gerð næstkomandi haust. Rafmagn og hiti eru stór kostnaðarliður. Viðhald og varahlutir eru áætlaðir um 5,6 milljónir en líklega mun sá kostnaðarliður lækka eftir næsta ár. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður verður svipaður og árið áður en búist er við lækkun á kostnaði bókhalds- og endurskoðunar.

Engar umræður eða athugasemdir voru vegna félagsgjalda.

Áætlunin í heild sinni, ásamt tillögu að félagsgjöldum, var lögð undir fundinn og var hún samþykkt samhljóða.

6. Kosning stjórnar og varamanns í stjórn.

Samkvæmt lögum kýs aðalfundur stjórn sem skiptir sjálf með sér verkum og eru stjórnarmenn kosnir til tveggja ára í senn. Formaður er kosinn sérstaklega og til eins árs í senn. Uppstillingarnefnd gerði að tillögu sinni að eftirtaldir yrðu kosnir í stjórn: Ingi Þór Hermannson formaður til eins árs, Ágústa Arna Grétarsdóttir og Svavar Geir Svavarsson stjórnarmenn til tveggja ára. Einar Geir Jónsson var kjörinn varamaður til eins árs. Ekki komu fram önnur framboð á fundinum og voru formaður og stjórn því sjálfkjörin með lófaklappi.

Bjarni Halldórsson, einn fundargesta, gerði athugasemd við starf uppstillingarnefndar vegna eins stjórnarmanns sem hafði lýst yfir áhuga á áframhaldandi stjórnarsetu en nefndin þáði ekki boð hans. Þorvaldur Þorsteinsson, fyrir hönd uppstillingarnefndar útskýrði niðurstöðu uppstillingarnefndar fyrir fundarmönnum.

7. Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara

Tveir skoðunarmenn og einn til vara skulu kjörnir til eins árs samkvæmt lögum félagsins. Davíð Einarsson og Helgi F. Arnarson voru kjörnir aðalmenn og Ásbjörn Björnsson til vara.

8. Önnur mál.

Kári Sölmundarson spurði um aðila GOF sem hann nefnir hulduaðila og sagði það fremur óljóst hvað nákvæmlega eigi að gera og að það væri áhugavert að heyra hvaða áætlanir menn hafi. Emil svaraði fyrirspurninni og sagði að samkvæmt samningnum muni GOF fara í endurnýjun tækja. Samningurinn hljóðar upp á 50 milljónir til næstu þriggja ára. Þá sé fyrirhugað að 30 milljónum verði varið árið 2014 og 15 milljónum árin tvö þar á eftir. Nefnd fjögurra manna mun skila inn tillögum að því í hvaða nýframkvæmdir skuli ráðist.

Einar Ólafsson tók næstur til máls. Hann sagði GO ekki eina klúbbinn sem greiddi landleigu en hann væri sá eini sem þyrfti að fjárfesta í tækjum. Einar sagði það vera ánægjulegt að ekki væri lengur um að ræða fækkun í klúbbnum og að vinna þyrfti að því að fjölga félagsmönnum sem aldrei hafi verið færri en nú. Fleiri hafa gengið úr klúbbnum en í hann og það þurfi að komast að rót vandans. Einar fullyrti að kylfingum fjölgi á landsvísu en það skili sér ekki til GO. Hann sagði enn fremur að kylfingar sæktu í velli sem væru sanngjarnir og spyr hvort sú sé raunin með Urriðavöll. Að hans mati er ýmislegt sem mætti bæta til þess að gera völlinn sanngjarnari og þá um leið eftirsóttari.

Einar tók fram að hér væri spurning um forgangsröðun fremur en kostnað og horfa verði til þess að sumar breytingar geti verið tekjuaukandi. Hann lýsti óánægju með að völlurinn skuli spilaður öfugur 1/3 af sumrinu. Einar tók fram að gott væri, og eðlilegt, að hafa kvenmann í vallarnefnd og þá ekki síst í ljósi þess að hlutfall kvenna sé hvað mest GO. Hugsanlega verði hugað betur að rauðum teigum í framtíðinni þegar körlum fjölgar sem spila á þeim.

Ingjalður tók næstur til máls og sagðist hann tengjast hulдумönnunum. Þakkaði hann stjórn fyrir vel unnin störf og góða ársskýrslu. Golfklúbburinn Oddur leigir golfvöllinn, eignir eru metnar á um 800 milljónir og viðhaldskostnaður er í höndum golfklúbbs Oddfellowa. Ingjalður sagði sveitafélagið þurfa að styrkja klúbbinn.

Fundarstjóri tók til máls og benti á að kylfingum hafi fækkað í klúbbum almennt á starfsárinu. Ef til vill væri skýringuna að finna í veðri. Engin ástæða væri til að

örvænta heldur sjá hvað gerist næstu 2 – 3 árin. Fækkun félagsmanna er í hæsta forgjafarflokki; 26,5 og yfir. Tók hann dæmi frá Finnlandi þar sem Finnar hafa brugðist við þessu með golfkennslu. Ef tekst að ná kylfingum niður fyrir 26,5 í forgjöf séu mun meiri líkur á því að þeir festist í golfi. Því þurfi að vinna í þessum forgjafarflokki.

Ingi tók undir umræðu brottfalls kylfinga úr hæsta forgjafarflokkinum og bindur hann vonir við að SNAG kennslutæknin gefist vel og minnki brottfall. Ljúflingsáskriftin er ákveðin leið til að kynna íþróttina og það sem Oddur hefur að bjóða. Einnig nefndi hann að klúbburinn væri að glíma við það orðspor að hér sé hægur leikur. Tölfræðin sýnir hið gagnstæða. Einnig sé álitid að erfitt sé að fá rástíma á Urriðavelli en sú sé ekki raunin umfram aðra velli. Hann telur að huga þurfi alvarlega að stækkun vallarins.

Eftirlitsnefnd er starfandi samkvæmt samningi og fulltrúar Odds í þeirri nefnd skipi jafnframt Vallarnefnd Odds. Í henni eiga sæti formaður, framkvæmdastjóri, vallasjóri og Þorbergur Karlsson.

Vilji Odds sé m.a. að fyrir því að setja nýja kvennateiga á 10. og 14. braut. Einnig er verið að skoða landmótun við 5. og 12. braut svo upphafshögginn verði sanngjarnari. Öflug spilun vallarins er nauðsynleg til þess að jafna álagið því margir spila aðeins níu holur.

Beina þarf orðum til Garðabæjar. GO greiðir umtalsvert hærra leigu fyrir aðstöðu en aðrir. Landeigandinn er hins vegar ekki að gera ýkja háa ávöxtunarkröfu. Einar sagði að vinna þurfi að því að fjölga í klúbbum. Ekki þurfi ýkja marga meðlimi til viðbótar til þess að komast hjá hækku félagsgjalda.

Fundarstjóri tók til máls og fjallaði um hlutverk Golfsambandsins í úttekt valla varðandi erfiðleikamat. Hann sagði það í höndum klúbbanna sjálfra að raða forgjöfinni niður á holurnar eftir erfiðleikamati. Hann hvatti karla til að spila af rauðum teigum en sagði þá oft þrjúskast við að spila af gulum vegna nafngiftanna karla- og kvennateigar.

Vignir Sigurðsson var í hópí fundargesta. Hann var áður meðlimur í GR og sagðist stoltur af því að vera í Oddi. Völlurinn væri frábær, starfsfólk gott og umhirða til fyrirmyndar. Klúbburinn er í samkeppni um nýja féлага og það sé eðlilegt að erfitt sé að fá unglinga til að ganga í klúbbinn þar sem völlurinn sé úr strætóleið. Þeir leiti því


frekar annað. Vignir sagði golfið vera íþrótt sem eigi ekki að vera auðvelt en heldur ekki ósanngjarnt.

Ingi Þór sagði vallarmatsnefnd GSÍ hafa boðað komu sína en frestað úttekt um eitt ár. Völlurinn verði því tekinn út næsta sumar.

Fundarstjóri sagði golfiþróttina samanstanda af sjálfbodaliðastarfi. Það þurfi að hafa í huga og megi ekki gleymast að allt árið um kring séu einstaklingar að starfa launalaust í sínum frítíma til þess að gera okkur kleift að spila golf. Þeirra starf verði aldrei nægjanlega metið að verðleikum. Hann þakkaði fyrir sig og boðaði Inga Þór í pontu.

Ingi Þór þakkaði traustið fyrir hönd stjórnar og einnig starfsmönnum klúbbsins fyrir vel unnin störf. Hann bauð Einar hjartanlega velkominn til starfa.

Fundi var í framhaldinu slitið kl. 22:05.



Haukur Örn Birgisson,
fundarstjóri

Guðbjörg Elín Ragnarsdóttir,
fundarritari